

5. aðalfundur félagsins Alnæmisbörn

var haldinn fimmtudaginn 19. mars 2009 í Orkugarði Grensásvegi 9, Reykjavík og var settur kl. 16:45

Dagskrá:

1. Aðalfundarstörf – dagskrá skv. lögum félagsins

Ingibjörg R. Guðlaugsdóttir setti fund

Hjalti Franzson var kosinn fundarstjóri og Halldór Ármannsson ritari

Skýrslu stjórnar var dreift en hana flutti Ingibjörg R. Guðlaugsdóttir formaður. Fram kom að meðlimir væru 74, í stjórn væru Ingibjörg R. Guðlaugsdóttir formaður, Hildur Gestsdóttir varaformaður, Bjarni Reykr Kristjánsson gjaldkeri, Sigurlaug Hauksdóttir ritari og Helga Tulinius, María J. Gunnarsdóttir og Ragna Karlsdóttir meðstjórnendur, átta stjórnarfundir hefðu verið haldnir á starfsárinu auk þess sem fundað hafði verið með ABC barnahjálpi og einum stofnenda Uganda Australian Foundation (UAF) v/samstarfs. Einnig var sagt frá að samstarf við Candle Light Foundation hefði aukist og þrjár stjórnarkonur sátu stjórnarfund CLF 30. nóvember 2008. Stærsti hluti greiðslu Alnæmisbarna til CLF fór í skólagjöld en nokkuð í lyfjakaup og lækniskostnað. Þó nokkurt starf fólst í fjáröflun v/samstarfsverkefnisins „Mother/Child alive“ („Gefðu skjól“) í flóttamannabúðum við Rackoko, Norður-Úganda.

Bjarni Reykr Kristjánsson gjaldkeri lagði fram reikninga félagsins. Fram kom að gengið hafði verið á höfuðstól félagsins á árinu. Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) styrkir CLF með 10.000 USD árið 2009 sem er greitt í tveimur áföngum. Og nú er kominn fram nýr styrktaraðili „Reykjavík Geothermal“ sem mun styrkja rekstur CLF með mánðarlegum greiðslum.

Ingibjörg R. Guðlaugsdóttir formaður skýrði frá starfsáætlun næsta árs. Framundan er áframhaldandi samstarf við CLF, kertahópur Alnæmisbarna mun starfa áfram í sama farvegi, rætt verður um hugsanlegt áframhald á „Gefðu skjól“ og heimasíða Alnæmisbarna verður eflað.

Ákvörðun félagsgjalda. Hjalti Franzson lagði til að árgjöld yrðu hækkuð úr 2500 í 3000 kr. og var það samþykkt með lófataki

Lagabreytingar – engar tillögur um lagabreytingar lágu fyrir

Kosning stjórnar og skoðunarmanna reikninga. Skýrt var frá því að Bjarni Reykr Kristjánsson gjaldkeri, Helga Tulinius og María J. Gunnarsdóttir bæðust undan endurkjöri. Í þeirra stað voru kjörin Ásdís Ólafsdóttir, Lárus Valgarðsson og Sigríður Baldursdóttir. Þá var samþykkt með lófataki að Ingibjörg R. Guðlaugsdóttir gegndi áfram starfi formanns. Halldóra Karlsdóttir og Guðrún Aðalsteinsdóttir voru endurkjörnar skoðunarmenn reikninga.

Engin önnur mál komu fram.

2. Afhending viðurkenningaskjala til styrktaraðila Alnæmisbarna

Af tæknilegum ástæðum var ákveðið að fresta framkvæmd þessa liðar til næsta aðalfundar.

Fjáröflun vegna verkefnisins „Gefðu skjól“.

Hildur Gestsdóttir, varaformaður Alnæmisbarna skýrði frá söfnunum sem fólust í sölu kerta og notaðra barnafata í Kolaportinu 27. og 28. september 2008 og kerta og baksturs í Kringlunni 29. nóvember 2008. Söfnuðust samtals um 175.000 krónur.

Ferð þriggja stjórnarkvenna Alnæmisbarna til Úganda 2008

Ingibjörg R. Guðlaugsdóttir, María J. Gunnarsdóttir og Sigurlaug S. Hauksdóttir fóru til Úganda seint á árinu 2008 til að kynna sér stöðu þeirra verkefna sem félagið styrkir og sögðu þær frá ferðinni hver frá sínum sjónarhóli.

Ingibjörg skýrði frá starfsmönnum CLF, sem eru ellefu talsins með þjálfurum, vali á stúlkum en mun fleiri vilja komast að en fá, og aðstoða hverfisyrirvöld við valið. Þá kom fram að hárgreiðsla er sú iðn er flestar stúlkurnar vilja nema. Þá hefur orðið framför í umönnun barna stúlnanna. Góður andi ríkir á staðnum en fjárskortur háir starfseminni. Þá sagði Ingibjörg frá ferð þeirra til Rackoko. Flóttamannabúðirnar þar höfðu verið mjög fjölmennar en eftir að stríðsátökum linnti fóru flestir aftur til þorpa sinna. Þó eru enn um 270 manns í búðunum, mest einar konur með börn. M.a. er rekin útvarpsstöð á staðnum en fram kom að starfið væri vel skipulagt og gengi vel.

María Jóna sagði frá eftirliti með vatnsveitum. Hún hafði sérstaklega heimsótt vatnsveitu í Kampala. Vatnið er sótt í Viktoríuvatn og síðan hreinsað áður en því er dælt inn á veituna. Bæta þarf úr umgengni íbúa á vatnsverndarsvæðinu og veita fræðslu um vatnsvernd. Ánægja virðist ríkja meðal íbúanna þar sem í nýlegri skoðanakönnun kom lögregla staðarins verst út varðandi tiltrú en vatnsveitan best.

Sigurlaug sagði frá rannsókn sem hún vinnur að og er grunnurinn viðtöl við nokkrar stúlkur á heimili CLF. Fyrst skýrði hún frá nokkrum tölulegum heimildum um ástandið í Úganda, þ.e. 12% búa í þéttbýli, ólæsi er 32%, meðalaldur er 48 ár, en undanfarin ár hefur fjöldi alnæmissmitaðra minnkað úr 30% í 6.4%, og eru 7.3% kvenna en 5.3% karla smituð. Rannsóknin sjálf er eigindleg og voru tekin 15 viðtöl þar sem upplýsingar um fyrra líf stúlnanna eru krufnar. Margar þeirra höfðu orðið fyrir grófu ofbeldi, sumar höfðu smitast af HIV við fæðingu eða brjóstagjöf, en um 2/3 þeirra höfðu farið í HIV próf.

Fundarslit

Fundi var slitið kl. 18:30